



VEFRIT

Hjúskaparslit – bætt réttarstaða þolenda ofbeldis*

Eftir Hrefnu Friðriksdóttur, prófessor við lagadeild HÍ.

Efnisyfirlit

Ágrip.....	3
Abstract	3
1. Inngangur	4
2. Drög að frumvarpi til nýrra hjúskaparlaga	4
3. Slit hjúskapar	6
3.1 Ógilding	6
3.2 Skilnaður.....	7
3.2.1 Skilnaðarskilyrði.....	7
3.2.2 Skilnaðarkjör.....	8
3.2.3 Skilnaðarferli	11
4. Niðurstöður.....	12
Heimildaskrá	14
Dómaskrá	14
Dómar Hæstaréttar Íslands	14
Dómar Landsréttar	14

Ágrip

Á undanförunum árum hefur verið lögð vaxandi áhersla á að styrkja stöðu þolenda heimilisofbeldis. Við setningu laga nr. 71/2022, um breytingu á hjúskaparlögum nr. 31/1993, var gert ráð fyrir endurskoðun laganna innan tveggja ára og þann 2. júní 2026 kynnti dómsmálaráðherra til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda drög sifjalaganefndar að frumvarpi til nýrra hjúskaparlaga. Í greininni verða dregin fram þau efnisatriði í frumvarpsdrögunum sem eru helst til þess fallin að bæta stöðu þolenda ofbeldis við slit hjúskapar.

Abstract

In recent years, increasing emphasis has been placed on strengthening the position of victims of domestic violence. When Act No. 71/2022, amending the Marriage Act No. 31/1993, was enacted a review of the law was expected within two years and on June 2, 2026, the Minister of Justice presented the Family Law Committee's draft bill for a new Marriage Act on the Government's Consultation Portal. This article will highlight the substantive aspects of the draft bill that are most likely to improve the position of victims of violence in the event of a dissolution of marriage.

1. Inngangur

Á undanförunum árum hefur verið unnið að innleiðingu samnings Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi og hafa sjónir m.a. beinst að ákvæðum hjúskaparlaga. Með lögum nr. 71/2022, um breytingar á hjúskaparlögum nr. 31/1993 (hjskl.) voru stigin ákveðin skref í þá átt að styrkja stöðu þolenda ofbeldis og tryggja rétt þeirra til að slíta hjúskap. Með lögunum fylgdi ákvæði til bráðabirgða um endurskoðun hjúskaparlaga og framkvæmd þeirra innan tveggja ára. Í kjölfarið skipaði þáverandi dómsmálaráðherra sífjalaganefnd til að fara með heildstæðum hætti yfir hjúskapar- og barnalög.

Þann 2. júní 2026 kynnti dómsmálaráðherra til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda drög sífjalaganefndar að frumvarpi til nýrra hjúskaparlaga (hér eftir nefnd frumvarpsdrög).¹ Í drögunum kemur fram með almennum hætti að sífjalaganefnd hafi metið áhrif ofbeldis í tengslum við stofnun hjúskapar, ógildingu, skilnað, framfærslu, fjármál hjóna og fjárskipti.² Markmið með þessari grein er að varpa frekara ljósi á frumvarpsdrögin og draga fram hvaða efnisatriði í drögunum eru helst til þess fallin að bæta stöðu þolenda ofbeldis við slit hjúskapar.³

2. Drög að frumvarpi til nýrra hjúskaparlaga

Samkvæmt Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna frá 1948 er fjölskyldan í eðli sínu frumeining þjóðfélagsins og ber ríkinu að vernda hana. Friðhelgi fjölskyldunnar, skv. ákvæði 71. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, sbr. stjórnskipunarlög nr. 97/1995, og 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, felur m.a. í sér rétt til að stofna fjölskyldu og vernd á fjölskyldulífi og fjölskyldutengslum.⁴ Með hliðsjón af friðhelgi fjölskyldunnar hafa hjón þótt eiga ríkari rétt til hjúskaparstofnunar en til að slíta hjúskap. Þetta kallast þó á við friðhelgi einkalífs, sem verndað er í sömu ákvæðum, og felur m.a. í sér rétt hvers manns til að ráða yfir lífi sínu og líkama og njóta friðar um lífshætti sína, einkahagi og samskipti við aðra. Í því felst m.a. jákvæð skylda ríkisins til að gera viðeigandi ráðstafanir í því skyni að tryggja vernd gegn ofbeldi og þar með ákveðinn rétt til að losna úr hjúskap.

Þann 9. maí 2018 fullgilti Ísland samning Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi, svokallaðan Ístanbúl samning, sem kveður á um ýmis

² Sama heimild, bls. 41.

³ Hér verður ekki vikið að atriðum sem tengjast stofnun hjúskapar, svo sem hjónavígsluskilyrðum og gildisskilyrðum hjúskapar, eða réttarstöðu í hjúskap.

⁴ Í 12. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, er einnig fjallað berum orðum um réttinn til að ganga í hjúskap og stofna til fjölskyldu.

réttindi þolenda og skyldur opinberra aðila til að vernda og aðstoða þolendur kynbundins ofbeldis.⁵ Haustið 2021 gáfu íslensk stjórnvöld út skýrslu um stöðu innleiðingar Ístanbúl samningsins hér á landi.⁶ GREVIO, eftirlitsnefnd með innleiðingu Ístanbúl samningsins, birti svo fyrstu matsskýrslu sína fyrir Ísland haustið 2022 þar sem settar voru fram ábendingar um atriði sem talin voru þarfnast aðgerða íslenskra stjórnvalda.⁷ Í kjölfarið var skipaður starfshópur sem skilaði skýrslu í mars 2023.⁸ Starfshópurinn fékk ítrekaðar ábendingar um að skilnaður geti verið þungt ferli fyrir þolendur kynbundins ofbeldis. Að mati starfshópsins er brýnt að endurskoða ákvæði hjúskaparlaga, m.a. með tilliti til eftirfarandi atriða:

- Koma í veg fyrir að hægt sé að draga skilnaðarferli á langinn með því að semja ekki um fjárskipti. Um leið er þó talið óæskilegt að heimila skilnað án fjárskipta þar sem fjárhagslegt ofbeldi og stjórnun geti þá haldið áfram í tengslum við skipti eftir útgáfu skilnaðarleyfis.
- Heimila að greiða skiptatryggingu vegna opinberra skipta úr ríkissjóði í skilnaðarmálum þar sem uppi eru ásanir um ofbeldi.
- Tryggja rétt annars hjóna til beins lögskilnaðar.
- Fella brott ákvæði 42. gr. hjúskaparlaga um sættir.
- Huga að túlkabjónustu í skilnaðar- og fjölskyldumálum.
- Gera útgáfu könnunarvottorðs að gildisskilyrði hjúskapar.
- Tryggja viðbrögð vegna þvingaðra hjónabanda og rýmka heimildir til ógildingar hjúskapar.

Með lögum nr. 71/2022, um breytingar á hjúskaparlögum nr. 31/1993, var réttur þolenda ofbeldis styrktur en í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi til breytingarlaganna var vikið að nauðsyn frekari breytinga, m.a. á málsmeðferð skilnaðarmála.⁹ Samhliða frumvarpi til breytingarlaganna var lögð fram á Alþingi tillaga til þingsályktunar um hraðari málsmeðferð og bætta réttarstöðu þolenda heimilisofbeldis við hjúskaparslit. Lagt var til m.a. að fela ráðherra að taka hjúskaparlög til endurskoðunar með það að markmiði að stuðla að hraðari málsmeðferð við hjónaskilnaði, ekki síst til að bæta stöðu þolenda heimilisofbeldis.¹⁰ Tillagan náði ekki fram að ganga en meiri hluti allsherjar- og menntamálanefndar tók efnislega undir tillögurnar í

⁵ Convention on Preventing and Combating Violence Against Women and Domestic Violence. CETS No. 210; Stjórnartíðindi C-deild nr. 22/2021.

⁶ Report submitted by Iceland pursuant to Article 68, paragraph 1 of the Council of Europe Convention on preventing and combating violence against women and domestic violence. GREVIO/Inf(2021)9.

⁷ GREVIO Baseline Evaluation Report Iceland. GREVIO/Inf(2022)26.

⁸ *Fyrirkomulag þjónustu vegna ofbeldis* (2023). Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið 2023.

⁹ Frumvarp til laga um breytingu á hjúskaparlögum, nr. 31/1993, með síðari breytingum (hjónaskilnaðir), þskj. 174 – 172. mál, 152. löggjafarþing 2021–2022, bls. 6.

¹⁰ Tillaga til þingsályktunar um hraðari málsmeðferð og bætta réttarstöðu þolenda heimilisofbeldis við hjúskaparslit, þskj. 175 – 173. mál, 152. löggjafarþing 2021–2022, bls. 1-2.

nefndaráliti við afgreiðslu frumvarpsins sem varð að breytingarlögum nr. 71/2022. Meiri hluti nefndarinnar taldi m.a. þörf á því að rýmka ákvæði um skilyrði gjafsóknar svo meðferð skilnaðarmála, fjárskipta eða forsjármála yrði þolendum heimilisofbeldis ekki jafn íþyngjandi og að gerð yrði greining á mannafla- og fjármagnsþörf sýslumannsembætta, til að tryggja í senn vandaða og skilvirka málsmeðferð skilnaðarmála og alls þess sem þeim tengist. Talið var mikilvægt að framangreind endurskoðun færi fram sem fyrst.¹¹

Þann 13. júlí 2023 skipaði þáverandi dómsmálaráðherra sífjalaganefnd vegna verkefna á sviði barnaréttar og hjúskaparréttar. Var nefndinni falið að skoða framkomnar ábendingar um að styrkja stöðu þolenda ofbeldis og auk þess að yfirfara hjúskaparlög í heild sinni og leggja mat á hvort ástæða væri til að skoða fleiri þætti og eftir atvikum móta rökstuddar tillögur að breytingum sem nefndin teldi æskilegar. Drög sífjalaganefndar til nýrra hjúskaparlaga voru kynnt í samráðsgátt stjórnvalda þann 2. júní 2026.¹²

Með nýjum heildarlögum er stefnt að skýrari uppbyggingu hjúskaparlaga og markvissara og nútímalegra orðalagi.¹³ Í frumvarpsdrögunum er byggt á samskonar undirstöðusjónarmiðum og lagður var grunnur að á upphafsárum tuttugustu aldar, þ.e. jafnrétti, sjálfstæði og samstöðu hjóna. Þá er almennt tekið mið af því að vernda þann sem stendur lakar að vígi, fyrst og fremst með reglum um frávik sem beita má til að ná fram réttlátri niðurstöðu með sanngirni að leiðarljósi.¹⁴ Í frumvarpsdrögunum er að finna ýmis nýmæli, m.a. nokkur sem telja má öðrum fremur til þess fallin að styrkja stöðu þolenda ofbeldis.

3. Slit hjúskapar

3.1 Ógilding

Sums staðar hefur verið horfið frá því að heimila ógildingu hjúskapar og látið nægja að styðjast við skilnaðarskilyrði. Ljóst er að afar sjaldan reynir á þessi ákvæði laganna.¹⁵ Skilyrði ógildingar lýsa þó aðstæðum sem krefjast hjúskaparslita eða þykja til þess fallin að styðja óvírætt við hjúskaparslit, svo sem þegar um er að ræða nán skyldleika hjónaefna eða annað hjóna hefur verið neytt til vígslunnar.¹⁶

¹¹ Nefndarálit með breytingartillögu um frumvarp til laga um breytingu á hjúskaparlögum, nr. 31/1993, með síðari breytingum (hjónaskilnaðir), þskj. 1277 – 172. mál, 152. löggjafarþing 2021–2022, bls. 2.

¹² Drög að frumvarpi sífjalaganefndar til nýrra hjúskaparlaga (2026).

¹³ Sama heimild, bls. 33.

¹⁴ Sama heimild, bls. 38–40; Ármann Snævarr: *Hjúskapar- og sambúðarréttur* (2008), bls. 17 og 29–31; Hrefna Friðriksdóttir: „Er helmingaskiptaregla hjúskaparlaga úrelt?“ (2015) bls. 327 og 329.

¹⁵ Sjá þó H 619/2017.

¹⁶ Nefna má að í frumvarpsdrögunum er lögð áhersla á skyldu vígslumanns til að fylgja eftir gildisskilyrðum hjúskapar við hjónavígsluathöfnina, sbr. 1. mgr. 25. gr. hjöskl., m.a. að gæta þess að samþykki hjónaefna sé skýrt, afdráttar- og skilmálalaust.

Í frumvarpsdrögunum er lagt til í 25. gr. að halda heimildum til ógildingar hjúskapar, enda þykja þessi ákvæði hafa nokkuð varnaðargildi.¹⁷ Lagt er til að taka betur utan um nauðung með sérstökum 3. tölul. 1. mgr. 25. gr. þar sem gert er ráð fyrir að annað hjóna geti krafist ógildingar hafi það verið blekk, þvingað eða neytt til vígslunnar. Þá er lagt til að lengja málshöfðunarfresti í þessum tilvikum, sbr. 2. mgr. 25. gr. í frumvarpsdrögunum, þannig að höfða megi mál innan 12 mánaða frá því að nauðung létti eða innan fimm ára frá hjónavígslu.

Í framkvæmd hlýtur ógilding alltaf að vera metin í samhengi við skilnað. Ógilding er þyngri í vöfum að því leyti að krafa verður að styðjast við tiltekin skilyrði og reka verður mál fyrir dómi en á móti kemur að sérregla gildir um fjárskiptin, sbr. 30. gr. hjskl. og 27. gr. í frumvarpsdrögunum. Ef frumvarpsdrögin verða að lögum þá mun annað hjóna eiga skilyrðislausan rétt til lögskilnaðar og sýslumaður veita skilnaðarleyfi, eins og nánar verður fjallað um síðar, en á móti kemur þá að meginreglur laganna gilda um fjárskiptin og annað hjóna þarf að treysta á fráviksreglur laganna til að ná fram sömu niðurstöðu og eiga við um ógildingu.

3.2 Skilnaður

3.2.1 Skilnaðarskilyrði

Með skilnaðarskilyrðum er átt við þau skilyrði sem þarf að uppfylla til að eiga rétt til skilnaðar og hefur þróun skilnaðarskilyrða mótast af sjónarmiðum um samkomulag, vilja, brostnar forsendur eða sök.¹⁸ Almennu fylgja skilnaði ýmsar áskoranir og hefur hann alla jafna fjölpætt persónu-, fjárhags- og samfélagsleg áhrif. Hefur því þótt lögmætt markmið að hvetja til varnfærni og umhugsunar áður en til skilnaðar kemur. Skilnaður hefur lengst af verið tvenns konar, annars vegar skilnaður að borði og sæng sem gefur hjónunum ákveðinn umhugsunarfrest, sbr. 36. gr. hjskl., og hins vegar lögskilnaður sem felur í sér endanleg hjúskaparslit, sbr. 5. gr. hjskl. Réttur til lögskilnaðar er samkvæmt gildandi lögum bundinn við að ákveðinn tími hafi liðið frá skilnaði að borði og sæng eða við aðstæður sem þykja með þeim hætti að maki eigi ekki að þurfa að þola að vera lengur í hjúskap.

Á Norðurlöndum hefur á undanförunum áratugum verið lögð vaxandi áhersla á sjónarmið um samkomulag hjóna eða vilja annars hjóna og samhliða stefnt að því að draga verulega úr vægi sérstakra skilnaðarskilyrða sem byggja á sök.¹⁹

¹⁷ Drög að frumvarpi sifjalaganefndar til nýrra hjúskaparlaga (2026), bls. 45.

¹⁸ Drög að frumvarpi sifjalaganefndar til nýrra hjúskaparlaga (2026), bls. 45.

¹⁹ Linda Nielsen og Annette Kronborg: *Skilmisseret* (2015), bls. 27.

Frá setningu fyrstu heildstæðu laganna um stofnun og slit hjúskapar, nr. 39/1921, hafa hjón sem eru sammála átt rétt til skilnaðar að borði og sæng en það var ekki fyrr en við setningu núgildandi laga sem kveðið var á um óskoraðan rétt annars hjóna til skilnaðar að borði og sæng, sbr. 34. gr. hjúskaparlaga. Lengst af hefur gætt mikillar tregðu við því að heimila lögskilnað á grundvelli samkomulags hjóna en með lögum nr. 71/2022 var opnað fyrir þann möguleika að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, sbr. 43. gr. a. Hvergi á Norðurlöndum hefur verið mælt fyrir um óskoraðan rétt annars hjóna til lögskilnaðar heldur gengið út frá því að uppfylla þurfi tiltekin skilyrði, svo sem skilyrði um hjúskaparbrot skv. 39. gr. eða um ofbeldi skv. 40. gr. hjskl.²⁰

Við setningu laga nr. 71/2022 var lagt upp með að rýmka ákvæði 40. gr. hjskl. um rétt til lögskilnaðar vegna ofbeldis og að skýra frekar sönnunarkröfur. Í frumvarpsdrögunum er lagt til að ganga mun lengra og mæla í 28. og 29. gr. fyrir um rétt hjóna saman og rétt hvors um sig til skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar án þess að tilgreina þurfi ástæður.²¹ Þá er lagt til að fella niður ákvæði gildandi laga um sérstakar lögskilnaðarástæður. Rökin eru fyrst og fremst tvenns konar. Annars vegar er áherslan á hjúskap sem frjálst, ábyrgt samband tveggja sjálfstæðra einstaklinga sem þau séu best til þess fallin að taka ákvarðanir um. Hins vegar er bent á ýmis vandkvæði við að móta réttmæt og eðlileg lögskilnaðarskilyrði sem endurspegli í raun brostinn grundvöll hjúskapar svo og að móta sönnunarkröfur.²²

3.2.2 Skilnaðarkjör

Með skilnaðarkjörum er átt við þau atriði sem þurfa að vera til lykta leidd eða í skýrum farvegi áður en heimilt er að gefa út leyfi til skilnaðar.²³ Er hér um að ræða úrlausn mála um *framfærslueyri, fjárskipti og málefni barna*. Ásakanir um ofbeldi er ljóslega eitt af þeim atriðum sem geta gert úrlausn þessara mála flóknari og skilnað erfiðan. Um leið eru niðurstöðurnar með einum eða öðrum hætti undirstaða þess að hjón geti raunverulega lagt grunn að lífi sínu eftir skilnaðinn. Í 35. gr. frumvarpsdraganna er lagt til skýrara ákvæði um skilnaðarkjör en ekki er vikið frá þeirri kröfu að annað hvort þurfi að liggja fyrir samningur hjóna eða sönnun þess að tiltekin ágreiningefni séu komin í tiltekinn farveg. Í frumvarpsdrögunum er þó að finna nokkur atriði sem horfa til einföldunar eða hagræðis.

²⁰ Sjá nánar Hrefna Friðriksdóttir: „Tengsl afbrota og hjónaskilnaðar“ (2026). *Afmælisrit Ragnheiðar Bragadóttur 70 ára*. Fons juris (væntanleg 2026).

²¹ Nefnt er að val á skilnaði að borði og sæng gefi hjónum kost á að stíga varlegar til jarðar, þessi leið geti einnig dregið úr áfalli fyrir þann sem ekki er sáttur við skilnaðinn og jafnvel aukið líkur á að viðkomandi samþykki skilnað og skilnaðarkjör, sjá *Drög að frumvarpi sifjalaganefndar til nýrra hjúskaparlaga* (2026), bls. 70.

²² *Drög að frumvarpi sifjalaganefndar til nýrra hjúskaparlaga* (2026), bls. 68-69.

²³ Sama heimild, bls. 47.

Eftir samvistarslit í aðdraganda skilnaðar reynir oft á hvort og hvernig hjón uppfylla gagnkvæmar *framfærsluskyldur*. Í frumvarpsdrögunum er skýrara ákvæði um framfærsluskyldur eftir samvistarslit og í athugasemdum við 37. gr. má finna nánari skýringar á þeim sjónarmiðum sem eiga við.²⁴ Þá er lagt til nýtt ákvæði í 38. gr. um framfærslueyri eftir skilnað. Er þar m.a. gert ráð fyrir að gagnkvæm framfærsluskylda haldist eftir lögskilnað án undangengnis skilnaðar að borði og sæng en samkvæmt gildandi lögum fellur framfærsluskyldan almennt niður við lögskilnað. Helst þetta nýmæli í hendur við tillögu um óskoraðan rétt til lögskilnaðar og kemur t.d. í veg fyrir að sá sem beitt hefur ofbeldi geti krafist lögskilnaðar gagnert til að losna við framfærsluskyldur.²⁵ Gert er ráð fyrir að sýslumaður leysi alfarið úr ágreiningi um framfærslu eftir skilnað og tiltekin þau atriði sem líta ber til. Þá er vikið frá þeirri kröfu að úrskurður verði að liggja fyrir áður en skilnaðarleyfi er veitt heldur nægir að krafa sé komin fram., sbr. 1. tölul. 1. mgr. 35. gr. frumvarpsdraganna. Í frumvarpsdrögunum er einnig að finna mikilvægt nýmæli í 41. gr. um að Tryggingastofnun ríkisins hafi milligöngu um greiðslu framfærslueyris sem sýslumaður hefur úrskurðað um.

Í 2. tölul. 1. mgr. 35. gr. frumvarpsdraganna eru gerðar svipaðar efnislegar kröfur til frágangs *fjárskipta* og í 2. máls. 1. mgr. 44. gr., sbr. og 4. másl. 1. mgr. 95. gr. hjskl. Í frumvarpsdrögunum er þó að finna nokkur nýmæli sem ætlað er að liðka fyrir fjárskiptum með einum eða öðrum hætti.

Í fyrsta lagi er rétt að nefna nýmæli 74. gr. í frumvarpsdrögunum um heimild maka til að óska upplýsinga með tilteknum hætti um eignir og skuldir og til að krefjast skráningar og verðmats utan opinberra skipta. Samkvæmt gildandi lögum hefur maki engar heimildir til að afla upplýsinga um eignir og skuldir hins hjóna og getur þetta gert hjónum erfitt um vik að meta samningsstöðu sína við gerð fjárskiptasamnings. Ákvæðið er til þess fallið að stuðla að því að fjárskiptasamningur byggji á réttum upplýsingum og að auðvelda hjónum að ljúka fjárskiptum án þess að óska opinberra skipta og þar með draga úr umstangi og kostnaði sem fylgir þeirri leið.²⁶

Í öðru lagi má nefna nýmæli 89. og 91. gr. frumvarpsdraganna, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 35. gr., um að skipti verði ekki knúin fram. Áfram er gert ráð fyrir veita megi leyfi til skilnaðar ef fyrir liggur samkomulag milli hjóna um fjárskipti eða opinber skipti hafin vegna fjárslita, sbr. 2. máls. 1. mgr. 44. gr. hjskl. Samkvæmt 4. másl. 1. mgr. 95. gr. hjskl. getur fjárskiptum einnig lokið með yfirlýsingu beggja hjóna um eignaleysi sem þau staðfesta fyrir sýslumanni eða

²⁴ Sama heimild, bls. 76-77.

²⁵ Sama heimild, bls. 75.

²⁶ Sama heimild, bls. 102.

dómara²⁷ og ljóst er að yfirlýsing annars dugar ekki til, sbr. *H 172/2006* og *H 213/2017*. Ef annað hjóna fæst ekki til að standa að yfirlýsingu um eignaleysi verður hitt hjóna því að krefjast opinberra skipta samkvæmt gildandi lögum.

Í frumvarpsdrögunum er lagt til að orðalag um að skipti verði ekki knúin fram komi í stað orðlags um eignaleysi enda nái það betur yfir nokkur ólík tilvik. Þannig verði skipti ekki knúin fram þegar hjón búi við algert séreignafyrirkomulag eða þegar hjón séu sammála um að falla frá öllu tilkalli til eigna hvors annars og geri engar kröfur á hendur hvort öðru vegna fjárskipta.²⁸ Þá geti verið um að ræða eignaleysi, þ.e. að opinber skipti verði ekki knúin fram þar sem hvorugt hjóna eigi eignir umfram skuldir. Í dómi *H 261/2005* var því þannig slegið föstu að opinberum skiptum til fjárlita vegna hjónaskilnaðar verði beitt til að fylgja eftir gagnkvæmu tilkalli til eigna, skv. 103. gr. hjskl., en með hliðsjón af 3. mgr. 109. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl. nr. 20/1991 geti opinber skipti ekki farið fram til þess eins að færa frá öðru hjóna yfir á herðar hins skuldir, sem eignir þess fyrrnefnda hrökkva ekki fyrir. Dómaframkvæmd sýnir að vandasamt getur verið að staðfesta eignaleysi.

Í *H 765/2017* krafðist M skilnaðar fyrir dómi og lagði fram úrskurð héraðsdóms þar sem synjað hafði verið kröfu M um opinber skipti, einkum á þeim forsendum að ekki væri ljóst hvort M ætti eignir umfram skuldir og ekkert lægi fyrir um eignastöðu K, sem sótti ekki þing. M taldi að í úrskurði um að hafna opinberum skiptum hefði því verið slegið föstu að um eignaleysi væri að ræða og því uppfyllt lagaskilyrði til skilnaðar að borði og sæng skv. 44. gr. hjskl. Í skilnaðarmálinu fullyrti K að til staðar væru eignir umfram skuldir. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms um að K hefði tekist að leiða að því líkur að eitthvað væri til skiptanna og var kröfu um skilnað því vísað frá dómi.

Í *L 513/2018* krafðist K lögskilnaðar fyrir dómi og var fallist á að uppfyllt væru skilyrði 2. mgr. 40. gr. hjskl. Í málinu lá fyrir að synjað hafði verið kröfu K um opinber skipti á þeim grundvelli að hvorugur aðila ætti eignir umfram skuldir. Landsréttur tók fram að úrskurðurinn hefði fullt sönnunargildi um þau atvik sem þar hefðu legið til grundvallar þar til hið gagnstæða hefði verið sannað. Að mati dómsins kom ekkert fram í málinu um eignastöðu aðila sem hrinti fyrrgreindri niðurstöðu. Voru skilyrði 2. málsl. 1. mgr. 44. gr. hjskl. því talin uppfyllt í málinu enda taldi Landsréttur það fara í bága við þau sjónarmið sem búa að baki 40. gr. laganna að maka sé ókleift að krefjast lögskilnaðar samkvæmt því ákvæði ef eignaleysi hefur verið staðfest með dómi og makinn kemur af þeim sökum ekki fram kröfu um opinber skipti.

Í *L 730/2019* var talið að af *L 513/2018* mætti ráða að hafi verið staðfest með dómi að hjón séu eignalaus, og maki komi af þeim sökum ekki fram kröfu um opinber skipti samkvæmt lögum nr. 20/1991, fullnægi sá dómur kröfum 2. málsl. 1. mgr. 44. gr. hjskl og komi í stað yfirlýsingar hjóna um eignaleysi samkvæmt 95. gr. laganna.

²⁷ Í *L 41/2021* var lagt fram endurrit úr hjónaskilnaðarbók sýslumanns þar sem fram kom að hjónin hefðu náð samkomulagi um ráðstöfun þriggja bifreiða en að öðru leyti lýst yfir eignaleysi búsins. Þótti það fullnægja skilyrðum fyrir útgáfu leyfis til skilnaðar að borði og sæng.

²⁸ Drög að frumvarpi sífjalaganefndar til nýrra hjúskaparlaga (2026), bls. 118.

Með það að markmiði að einfalda og auðvelda skilnaðarferli er í frumvarpsdrögunum lagt til að sýslumaður geti, að kröfu annars hjóna, úrskurðað um að skipti verði ekki knúin fram, sbr. 91. gr. í drögunum. Gert er ráð fyrir að sýslumaður gæti þess að kröfunni fylgi nauðsynleg gögn og skýringar til þess að unnt sé að sannreyna að skipti verði ekki knúin fram. Þá synji sýslumaður kröfunni ef hann telur yfirlýsingar og framlögð gögn ófullnægjandi eða bera með sér að eignir sem komi til álita við skiptin séu til staðar eða að eignir kunni að vera vantaldar.²⁹

Í þriðja lagi er vert að geta 90. gr. í frumvarpsdrögunum um ógildi fjárskiptasamninga. Ákvæðið er mun skýrara en 2. mgr. 95. gr. hjskl., afnuminn er málshöfðunarfrestur, tiltekin atriði sem líta ber til og tekið af skarið um að beita megi ógildingarreglum samningalaga eftir því sem við á.³⁰

Í 3. tölul. 1. mgr. 35. gr. í frumvarpsdrögunum eru gerðar sambærilegar kröfur um *málefni barna* og í 1. másl. 1. mgr, sbr. 2. mgr. 44. gr. hjskl., þ.e. að fyrirliggi staðfestur samningur um forsjá, lögheimili barns eða búsetu barns eða staðfesting á að dómsmál hafi verið höfðað um forsjá og/eða lögheimili samkvæmt ákvæðum barnalaga. Eins og áður var vikið að var sifjalaganefnd falið að meta þörf á endurskoðun barnalaga en tillögur til breytinga hafa ekki verið birtar. Full ástæða er til að skoða málsmeðferð umræddra mála, t.d. fyrirkomulag sáttameðferðar og sáttavottorða.³¹

3.2.3 Skilnaðarferli

Samkvæmt 42. gr. hjskl. er hjónum gert skylt að leita sátta áður en gefið er út leyfi til skilnaðar og er markmiðið að kanna grundvöll að áframhaldandi hjúskap. Með lögum nr. 71/2022 var lögfest það nýmæli að ekki þurfi að leita sátta ef krafist er lögskilnaðar á grundvelli nýs a-liðar 2. mgr. 40. gr., hjskl., þ.e. þegar maki hefur gengist við ofbeldisbroti eða hlotið dóm fyrir það. Sáttaumleitanir með ofangreindu markmiði eiga ekki vel við þar sem heimilisofbeldi er til staðar og ljóst að sú breyting sem gerð var með lögum nr. 71/2022 kemur ekki að öllu leyti í veg fyrir skyldu til sáttaumleitana þegar fyrir hendi eru ásakanir um heimilisofbeldi.

Í frumvarpsdrögunum er lagt til að fella niður ákvæði 42. gr. Um leið er bent á brýna þörf fyrir aukið framboð á fræðslu um fjölskyldumál og fjölskylduráðgjöf og talið æskilegt að hjón eftir atvikum nýti sér slíka möguleika áður en áformum um skilnað er hrint í framkvæmd. Þá er bent á skyldu til sáttameðferðar samkvæmt ákvæðum barnalaga.³²

²⁹ Sama heimild, bls. 119.

³⁰ Sama heimild, bls. 118.

³¹ Dómsstólar hafa t.d. í allnokkrum tilvikum vísað málum frá þar sem afmörkun ágreiningsefna og efni sáttavottorða þykja ekki hafa farið saman, sjá m.a. *L 443/2022* og *L 155/2023*. Veldur það óhjákvæmilega töfum á meðferð þessara mála.

³² Drög að frumvarpi sifjalaganefndar til nýrra hjúskaparlaga (2026), bls. 46.

Almennt er talið farsælast að hjón komist að samkomulagi um skilnaðarkjör og mikilvægt að aðstoða hjón við að leysa þau atriði sem leiða þarf til lykta. Í frumvarpsdrögunum er lagt til að lögfesta ákvæði í 33. gr. um skyldu sýslumanns til að leiðbeina hjónum um skilnaðarkjör. Fram kemur að hlutverk sýslumanns verði fyrst og fremst að leiðbeina hjónum um þau ákvæði laga sem áhrif hafa á skilnaðarkjör, svo sem ákvæði um framfærsluskyldu, um helmingaskipti og framkvæmd þeirra, aðrar reglur sem koma til álita við skiptin og ákvæði barnalaga eftir því sem við á. Þá geti sýslumaður veitt almennar leiðbeiningar um farveg einstakra ágreiningsmála.³³

Í 32. gr. frumvarpsdraganna er að finna það mikilvæga nýmæli að sýslumaður veiti alfarið leyfi til skilnaðar. Samkvæmt núgildandi lögum veitir sýslumaður einungis leyfi við tilteknar aðstæður en ella þarf maki að höfða mál fyrir dómstólum. Færa má rök fyrir því að dómstólaleiðin sé tryggari ef hjón deila um matskennd skilnaðarskilyrði. Á móti kemur að í vissum tilvikum á maki samkvæmt gildandi lögum skilyrðislausan rétt til skilnaðar og dómstólaleiðin er oftast tímafrekari og kostnaðarsamari en stjórnvaldsleiðin. Tillagan í frumvarpsdrögunum um að sýslumaður veiti leyfi til skilnaðar stendur í beinu samhengi við tillögur um að mæla fyrir um óskilyrtan rétt annars hjóna til skilnaðar. Um leið er lagt til að styrkja ákvæði um kröfur og tilkynningar um meðferð mála hjá sýslumanni, sbr. 105. gr. í frumvarpsdrögunum.

4. Niðurstöður

Meginhvatinn að endurskoðun hjúskaparlaga var að bæta vernd þolenda heimilisofbeldis, m.a. að auðvelda þolendum að fá skilnað. Ljóst er að sifjalaganefnd taldi þörf á heildarendurskoðun laganna, frumvarpsdrögin fela í sér fjölda nýmæla en óhætt er að fullyrða að meginmarkmiðið hafi verið að gera réttarstöðu hjóna skýrari og réttlátari.

Hér hefur verið leitast við að greina hvaða ákvæði í drögum að frumvarpi til nýrra hjúskaparlaga megja telja helst til þess fallin að bæta réttarstöðu þolenda ofbeldis. Við blasir að í frumvarpsdrögunum er valin sú leið að mæla fyrir um úrræði sem nýtast öllum hjónum frekar en úrræði sem miða eingöngu að málum þar sem uppi eru ásakanir um ofbeldi. Bera þar hæst tillögur um óskilyrtan rétt annars hjóna til að krefjast lögskilnaðar, framfærsluskyldu eftir lögskilnað, brottfall 42. gr. hjskl. og skyldu sýslumanns til að gefa út skilnaðarleyfi. Með þessu er í raun komið til móts við flestar ábendingar sem fram hafa komið við innleiðingu Istanbúl-samningsins sem snerta ákvæði hjúskaparlaga. Auk ákvæða sem helst tengjast bættri réttarstöðu

³³ Sama heimild, bls. 72-73.

þolenda ofbeldis má einnig nefna önnur almenn atriði sem bæta stöðu maka við skilnað, t.d. skýrari ákvæði um saminga milli hjóna, um stöðu bóta og lífeyrisréttinda við fjárskipti og um endurgjaldskröfur.

Sú leið sem er valin í frumvarpsdrögunum styðst við undirstöðusjónarmið hjúskaparlaga, m.a. um að vernda almennt þann sem stendur lakar að vígi. Samskipti hjóna litast af persónulegum, félagslegum og fjárhagslegum þáttum þar sem reynt getur m.a. á samspil mismunandi tegunda ofbeldis og skort á virðingu, skilningi, samstöðu og samkennd. Með almennum ákvæðum sem hafa vernd og sanngirni að leiðarljósi má sneiða hjá áskorunum sem felast í að skilgreina ofbeldi, áhrif þess og sönnunarkröfur í einstaka tilvikum. Þess má geta að sífjalaganefnd telur æskilegt að huga vandlega að uppbyggingu nýrrar stofnunar sem hefði það að markmiði að tryggja eftir því sem unnt er skýra, samþætta og þverfaglega meðferð fjölskyldumála, m.a. með hagsmuni barns í fyrirrúmi.³⁴

Að lokum verður að nefna að ákvæði hjúskaparlaga eru bara einn liður í því að styðja þolendur kynbundins ofbeldis í tengslum við skilnað. Hér getur t.d. reynt á vernd þolenda í tengslum við rannsókn og málsmeðferð sakamála og lög nr. 85/2911 um nálgunarbann og brottvísun af heimili, m.a. rafrænt eftirlit sbr. breytingarlög nr. 43/2026. Þá má benda á þörf fyrir öruggt athvarf og margvíslega ráðgjöf og stuðning.

³⁴ Sama heimild, bls. 46.

Heimildaskrá

Alþingistíðindi.

Ármann Snævarr: *Hjúskapar- og sambúðarréttur*. Reykjavík 2008.

Convention on Preventing and Combating Violence Against Women and Domestic Violence, CETS No. 210; Stjórnartíðindi C-deild nr. 22/2021.

Drög að frumvarpi sifjalaganefndar til nýrra hjúskaparlaga. Mál nr. S-95/2026.

GREVIO Baseline Evaluation Report Iceland. GREVIO/Inf(2022)26.

Fyrirkomulag þjónustu vegna ofbeldis. Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið 2023.

Hrefna Friðriksdóttir: „Er helmingaskiptaregla hjúskaparlaga úrelt?“ *Úlfljótur*, 3. tbl. 2015, bls. 323-343.

Hrefna Friðriksdóttir: „Tengsl afbrota og hjónaskilnaðar“. *Afmælisrit Ragnheiðar Bragadóttur 70 ára*. Reykjavík 2026 (væntanleg hjá Fonsjuris).

Ingrid Lund-Andersen: *Familieøkonomien. Samlevendes retsforhold, ægtefellers retsforhold, retspolitik*. Kaupmannahöfn 2011.

Linda Nielsen og Annette Kronborg: *Skilsmisseret*, (2. útgáfa). Kaupmannahöfn 2015.

Report submitted by Iceland pursuant to Article 68, paragraph 1 of the Council of Europe Convention on preventing and combating violence against women and domestic violence. GREVIO/Inf(2021)9.

Dómaskrá

Dómar Hæstaréttar Íslands

H 261/2005

H 619/2017

H 765/2017

Dómar Landsréttar

L 513/2018

L 730/2019

L 41/2021

L 443/2022

L 155/2023

* Grein þessi hefur verið ritrýnd og staðist þær fræðilegu kröfur sem gerðar eru samkvæmt reglum Vefrits Úlfljóts.